## Bílstjóri óskast

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum og drífandi bílstjóra í fullt starf

**Starfssvið og hæfniskröfur:**

- Akstur með vörur til viðskiptavina
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is merkt **ÓJK/SD bílstjóri**
fyrir 29. desember n.k.

## Starfsmenn á lager

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum, drífandi og jákvæðum starfsmönnum á lager

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

**Starfssvið og hæfniskröfur:**

- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi
- Tiltekt og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf
SD Sælkeradreifing ehf.

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **ÓJK/SD lager**
fyrir 29. desember n.k.



---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða lögfræðings laus til umsóknar

**Leitað er eftir metnaðarfullum og vandvirkum lögfræðingi til starfa á skóla- og frístundasviði til að stýra málefnum persónuverndar. Næsti yfirmaður er yfirlögfræðingur skóla- og frístundasviðs.**

Skóla- og frístundasvið annast rekstur 62 leikskóla, 36 grunnskóla og 5 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita undir sviðið. Lögfræðiþjónusta skóla- og frístundasviðs hefur umsjón og yfirsýn yfir lagaleg stjórnsýslumálefni sviðsins. Lögfræðiþjónustan er starfsmönnum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og stjórnendum starfsstöðva sviðsins til lögfræðilegrar ráðgjafar um málefni á ábyrgðarsviði þeirra, þ.m.t. er lagaleg ráðgjöf í tengslum við vinnurétt. Auk þess fer lögfræðiþjónustan með umsýslu fyrir skóla- og frístundaráð.

**Helstu verkefni:**

- Verkefnastjórn með málefnum er varða persónuvernd hjá skóla- og frístundasviði.
- Lögfræðileg ráðgjöf, upplýsingamiðlun og þjónusta við starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og stjórnendur starfsstaða sviðsins varðandi persónuvernd og lagaumhverfi starfseminnar.
- Fræðsla fyrir stjórnendur og starfsmenn um lög og reglugerðir er varða persónuvernd.
- Gerð samninga og reglna í tengslum við starfsemi sviðsins.
- Samvinna og samráð við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

**Hæfniskröfur:**

- Embættispróf eða meistaragráða í lögfræði að lokinni BA gráðu í lögfræði.
- Þekking og reynsla af löggjöf um persónuvernd.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslurétti æskileg.
- Skilningur á öryggis- og upplýsingatæknimálum er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Leiðtogahæfni, lipurð og færni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf auk afrits af prófskírteinum frá háskóla. **Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2019.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag lögfræðinga.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf**

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Sigtryggsdóttir, yfirlögfræðingur, í síma 411-1111. Netfang: gudrun.sigtryggsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

## SÉRFRÆÐINGUR
### óskast til starfa á fjármálasvið

Fjármálasvið er annað af stoðsviðum Hafnarfjarðarbæjar og þar starfa um 23 starfsmenn. Sviðinu er skipt í fjárreiðudeild, hagdeild, bókhaldsdeild, launadeild og tölvudeild og heyrir starfið undir rekstrarstjóra hagdeildar. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Vinna við gerð fjárhagsáætlunar
- Vinna við umbætur í rekstri
- Eftirlit og frávikagreining á rekstri
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til stjórnenda
- Skýrslugerð og úrvinnsla

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði, hagfræði eða tölfræði
- Mjög góð kunnátta í Excel og almenn tölvukunnátta
- Reynsla af fjármálalegri umsýslu
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Þekking og reynsla af stafrænni þróunarvinnu æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar: **gudmundursv@hafnarfjordur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2019. Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

www.medor.is

MEDOR

## VIÐSKIPTASTJÓRI Á HEILBRIGÐISMARKAÐI

**Viltu vera í hópi metnaðarfullra starfsmanna hjá vaxandi fyrirtæki á heilbrigðismarkaði?**

**MEDOR ehf. leitar að starfsmanni í fjölbreytt og krefjandi starf viðskiptastjóra fyrir lækningatæki og vörur til heilbrigðisstofnana.**

### Starfssvið:

- Kynning, sala, þjónusta og markaðssetning á lækningatækjum og vörum til heilbrigðisstofnana
- Verkefnastjórnun og þverfagleg teymisvinna
- Kennsla og innleiðing á vörum og þjónustu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir á Íslandi
- Samskipti við erlenda birgja
- Vörustjórnun
- Útboðs- og tilboðsgerð

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d verkfræðimenntun eða heilbrigðisvísindi
- Þekking á sviði myndgreiningar, lækningatækja og tölvukerfa kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Frumkvæði, drifkraftur, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Þekking á verkefnastjórnun kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafía Ása Jóhannesdóttir deildarstjóri (asa@medor.is ) s. 665 7001 og Pétur Veigar Pétursson starfsmannastjóri (petur@veritas.is) s. 897 1626.
Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum ráðningavef MEDOR, www.medor.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna viðkomandi sækir um starfið.
Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

**MEDOR er leiðandi í ráðgjöf, sölu og þjónustu á lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvörum. Helstu viðskiptavinir MEDOR eru heilbrigðisstofnanir, apótek, rannsóknastofur í líftækni, efnagreiningu og lyfjaiðnaði.**

# Krefjandi störf á heitu svæði



Nýting **jarðhita** á Reykjanesi er áskorun fyrir metnaðarfullt fólk.

## STAÐARVERKFRÆÐINGUR

**Við leitum að öflugum staðarverkfræðingi til að leiða byggingu jarðvarmavirkjana á Reykjanesi. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.**

**Starfið felur í sér:**
- Ábyrgð á nýframkvæmdum við jarðvarmavirkjanir.
- Að leiða og sjá um verkskipulagningu, kostnaðaráætlanir og rýni útboðsgagna.
- Að leiða og stýra framkvæmdum af hálfu verkkaupa. Jafnframt bera ábyrgð á framkvæmd verks, öryggis- og umhverfismálum, gæðaeftirliti, kostnaðareftirliti og breytingastjórnun.
- Að undirbúa verkefni til reksturs.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun á sviði verkfræði, MPM gráða eða sambærileg menntun er kostur.
- Yfirgripsmikil þekking á verklegum framkvæmdum.
- Að minnsta kosti 10 ára reynsla af stórum framkvæmdum.
- Þekking og reynsla af öryggis- og umhverfismálum.
- Þekking á orkuiðnaði er kostur.
- Afburða góð samskiptafærni, sjálfstæði í starfi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

**Nánari upplýsingar veitir Þór Gíslason, thg@hsorka.is**

## JARÐFRÆÐINGUR Á AUÐLINDASVIÐI

**Við leitum að öflugum starfsmanni til að styrkja auðlindasvið okkar. Auðlindasviðið ber ábyrgð á nýtingu auðlinda sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir.**

**Starfið felur í sér:**
- Vinnslueftirlit.
- Ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd borframkvæmda.
- Samskipti við ráðgjafa, verktaka og aðra jarðhitasérfræðinga innan- og utanlands.

**Við viljum gjarnan heyra í þér ef þú:**
- Hefur mikinn metnað, frumkvæði og getur unnið sjálfstætt.
- Ert tilbúin(n) til að takast á við krefjandi verkefni.
- Ert með jarðfræðimenntun.

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Vala Matthíasdóttir, kvm@hsorka.is**

Við hvetjum þig til að sækja um á hsorka.is
Störfin henta jafnt konum sem körlum.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2018**

HS Orka hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í yfir 40 ár og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur 60 manna hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið í Svartsengi og Reykjanesvirkjun, sem eru grundvöllur Auðlindagarðs þar sem markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmætar auðlindir.

HS ORKA


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

# FLEIRI **SIGURVEGARA**

Við leitum að árangursdrifnum og lausnamiðuðum sérfræðingum til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á framúrskarandi stjórnkerfi hjá VÍS og stafrænni vegferð okkar. Við sækjumst eftir liðsmönnum með afburða færni í samskiptum og getu til að vinna sjálfstætt og af fagmennsku að krefjandi verkefnum. Eingöngu koma til greina einstaklingar með haldgóða reynslu á sínu sérsviði. Við bjóðum framúrskarandi starfsumhverfi, frábært samstarfsfólk og umhverfi þar sem einstaklingar geta náð árangri.

## ▸ Innri endurskoðandi

Innri endurskoðun er eitt af fjórum lykilstarfssviðum í starfsemi vátryggingafélaga. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn VÍS. Hann ber ábyrgð á að þróa og viðhalda virku gæðaeftirliti sem tekur til allra þátta starfsemi innri endurskoðunar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að bæta reksturinn.
- Þróar og viðheldur virku gæðaeftirliti .
- Greinir og leggur mat á hvort eftirlitsferli/kerfi séu til staðar og séu viðeigandi og skilvirk.
- Ber kennsl á og metur mögulega áhættuþætti í starfseminni og fer fram á úrbætur.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Meistarapróf á sviði viðskipta-, fjármála eða sambærilegum sviðum er skilyrði.
- Sérþekking á sviði innri endurskoðunar skilyrði.
- Löggilding og faggilding í endurskoðun kostur.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Leiðtogahæfni, drifkraftur og samskiptafærni.

## ▸ Lögfræðingur á skrifstofu forstjóra

Starfið heyrir undir yfirlögfræðing á skrifstofu forstjóra. Hlutverk hans er m.a. að sinna starfi persónuverndarfulltrúa og hafa eftirlit með því að VÍS starfi í samræmi við lög og reglur á sviði persónuverndar. Þar að auki mun viðkomandi vinna náið með yfirlögfræðingi félagsins að verkefnum sem snúa að stjórnarháttum, regluvörslu og ráðgjöf til stjórnar og stjórnenda.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa og er tengiliður við Persónuvernd.
- Upplýsir um skyldur, veitir ráðgjöf og þjálfar stjórnendur og starfsfólk á sviði persónuverndar.
- Tekur á móti fyrirspurnum og beiðnum frá viðskiptavinum og starfsmönnum félagsins er varða persónuvernd.
- Sinnir ýmsum verkefnum á sviði regluvörslu samkvæmt lögum um vátrygginga-starfsemi og lögum um verðbréfaviðskipti.
- Önnur lögfræðileg ráðgjöf.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Þekking og skilningur á upplýsingatækni kostur.
- Færni til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt.
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg.

## ▸ Sérfræðingur í upplýsingaöryggis- og gæðamálum

Sérfræðingur í upplýsingaöryggis- og gæðamálum heyrir undir yfirlögfræðing á skrifstofu forstjóra. Hlutverk hans er að bera ábyrgð á stjórnkerfi upplýsingaöryggis- og gæðamála og stýra umbótum og breytingum á því. Að auki heyrir gæðahandbók og umsjón skjalamála undir viðkomandi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Sinnir hlutverki upplýsingaöryggisstjóra.
- Er ábyrgur fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá VÍS.
- Upplýsir um skyldur, veitir ráðgjöf og þjálfar stjórnendur og starfsfólk á sviði öryggis- og gæðamála.
- Er ábyrgur og hefur umsjón með skjalastefnu, skjalastjórnun og þróun og innleiðingu rafræns skjalastjórnunarkerfis.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Þekking og reynsla af upplýsingaöryggismálu skilyrði.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun.

## ▸ Verkefnastjóri

Við leitum að árangursdrifnum og lausnamiðuðum verkefnastjóra til að leiða verkefni í stafrænni vegferð okkar. Frumkvæði, drifkraftur, framúrskarandi samskiptahæfni og metnaður til að gera sífellt betur eru eiginleikar sem við sækjumst eftir inn í okkar hóp.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Leiða framsækin verkefni í stafrænni vegferð VÍS.
- Byggja upp og leiða framúrskarandi AGILE verkefnateymi.
- Ábyrgð á að verkefni séu innan tíma- og kostnaðaráætlana.
- Ábyrgð á upplýsingafundum með hagsmunaaðilum.
- Miðlun á framgangi og árangri verkefna.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- MPM eða sambærileg menntun í verkefnastjórnun kostur.
- Reynsla af upplýsingatækniverkefnum kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, lausnamiðuð nálgun og frumkvæði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Færni til að miðla upplýsingum á einfaldan hátt.
- Sveigjanleiki og hæfni til að vinna vel undir álagi.

Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá okkur starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman mynda sterka og öfluga liðsheild.

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið

ráðum ráðningarstofa

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikud. 2. janúar.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Ráðum, www.radum.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS



# Sérfræðingur á alþjóðasviði

Rannís óskar eftir að ráða sérfræðing í fullt starf á alþjóðasvið stofnunarinnar. Starfið felur í sér að hafa umsjón með Uppbyggingasjóði EES, vera landstengiliður fyrir undiráætlanir Horizon 2020 rannsókna- og nýsköpunaráætlunar ESB og taka virkan þátt í erlendum samstarfsverkefnum. Einnig er um að ræða þátttöku í kynningarmálum og skipulagningu viðburða í samstarfi við sviðsstjóra og aðra starfsmenn sviðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun er æskileg
- Reynsla af rannsóknum og þekking á vísindasamfélaginu er kostur
- Mjög góð samstarfshæfni og samskiptafærni áskilin
- Færni í notkun algengra tölvuforrita og góð almenn tölvukunnátta áskilin
- Mjög góð íslenskukunnátta og mjög góð færni í ensku, rituðu og skrifuðu máli, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

**Upplýsingar um starfið** veitir Aðalheiður Jónsdóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs, í síma 515 5806 eða í netfangi: adalheidur.jonsdottir@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar 2019.**

**Sækja skal um á vefsíðu Rannís:** www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Rannís er líflegur vinnustaður með nálægt 50 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

REYKJALUNDUR
endurhæfing

## Sjúkraþjálfari

Laus er til umsóknar 90% staða sjúkraþjálfara á Reykjalundi. Um er að ræða eitt starf sem skiptist í 60% verkefnastjórastöðu á verkjasviði og 30% stöðu hreyfistjóra.

Staðan er laus frá og með 1. apríl 2019.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

**Hæfnikröfur:**

- Íslenskt starfsleyfi.
- Góð og almenn færni í mannlegum samskiptum og samvinnu.
- Æskileg er reynsla af teymisstarfi og meðferð einstaklinga með langvinna verki.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags sjúkraþjálfara og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veitir
Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðusjúkraþjálfari í síma 585 2160
eða í gegnum netfangið asdiskri@reykjalundur.is og
Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585 2143
eða í gegnum netfangið gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2019**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

blómaval

# Blómaskreytir óskast til starfa í Blómavali Skútuvogi

Leitað er að vandvirkum og fagmenntuðum blómaskreyti með frjóa hugsun til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Blómavals. Helstu verkefni eru gerð blómaskreytinga, vöruframsetning og sala og þjónusta við viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla úr blómaverslun og af sölustörfum
- Góð reynsla af blómaskreytingum
- Listrænt auga og fagurfræðileg hugsun
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Gott vald á íslensku

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Díana Allansdóttir á dianaa@husa.is**

Umsóknarfrestur til og með **4. janúar 2019.**
Sótt er um starfið á **www.husa.is/laus-storf**

**Hvetjum bæði kynin til þess að sækja um starfið.**




Blómaval er stórmarkaður með allt fyrir blóma- og garðáhugafólk.
Hjá okkur eiga áhugamenn um ræktun að fá allt sem hugurinn girnist og faglega þjónustu.

Hjá Blómavali er lifandi starfsumhverfi, öflug liðsheild og frábær starfsandi.
Lögð er mikil áhersla á símenntun og að starfsmenn fái tækifæri til að eflast og þróast í starfi.
Gildin okkar eru: **Metnaður**, **þjónustulund** og **sérþekking**.

# Erum að dæma fólk í fátækt

## Formaður ÖBÍ segir að kerfið refsi fólki fyrir veikindi og fötlun og það verði að bæta kjör öryrkja með hærri lífeyri, minni tekjuskerðingu og lögfestingu samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks.



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að öryrkjar mæti tregðu og skilningsleysi hjá stjórnvöldum, sem virðast ekki hafa neinn áhuga á að bæta kjör þeirra verst settu í samfélaginu.** MYND/ANTON BRINK

Markmið Öryrkjabandalags Íslands er að íslenskt þjóðfélag verði samfélag jöfnuðar og réttlætis þar sem allir einstaklingar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, njóti mannsæmandi lífskjara og jafnra möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélagslegrar þátttöku.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir að til að ná þessum markmiðum þurfi að bæta kjör og auka réttindi öryrkja á ýmsan hátt, meðal annars með því að hækka örorkulífeyri og afnema krónu á móti krónu-skerðinguna, sem virkar þannig að fyrir hverja krónu sem lífeyrisþegi aflar sér eru bætur skertar á móti um krónu fyrir krónu, þannig að lítill hvati er til atvinnuþátttöku þess hóps. Hún segir líka að það verði að tryggja fötluðu fólki sjálfsögð réttindi með því að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### Margt sem er óhemju vont

„Við höfum barist fyrir því að fá kjör örorkulífeyrisþega leiðrétt í mörg ár, en á undanförnum 20 árum hefur orðið kjaragliðnun um 51% hjá örorkulífeyrisþegum. Í dag er örorkulífeyrir aðeins rúmar 238 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt og fólk fær þá 204 þúsund krónur útborgaðar, en atvinnuleysisbætur eru komnar upp í 270 þúsund krónur. Hingað til hefur þetta fylgst að,“ segir Þuríður. „Þetta er í boði ríkisstjórnar sem kennir sig við velferð og maður trúði að myndi gera eitthvað til að bæta kjör þessa hóps. Það hefur bara verið farið fram á algjöra lágmarkshækkun. Ég held að við fáum 3,6% hækkun á meðan hinn almenni launþegi fær allavega 6%, sem hækkar svo þegar kjarasamningarnir fara í gang.

Við viljum líka að króna á móti krónu-skerðingin verði tekin út. Ef fólk sem verður að reiða sig á örorkulífeyri og ekkert annað fær kannski smávegis lífeyri eða aðrar tekjur, þá lækka greiðslur TR um sömu upphæð, þannig að þú færð ekkert meira sama hvað. Síðasta vetur fengum við alla þingflokka til okkar til að gera þessa ríkisstjórn meðvitaða um málefni fatlaðs fólks,“ segir Þuríður. „Þá voru allir flokkar sammála um að þessi skerðing væri algjör hörmung, en ríkisstjórnin segir samt að það verði engar leiðréttingar gerðar fyrr en nýtt almannatryggingakerfi er tilbúið. Við eigum ekki að þurfa að bíða árum saman eftir því að það séu stigin skref í átt að því að leiðrétta kjörin. Mér finnst þetta máttlaust af ríkisstjórninni og ómannúðlegt.

Það er rosalega margt algjörlega óhemju vont í þessu kerfi sem við búum við í dag og margt sem þarf að bæta til að fatlað fólk njóti sömu réttinda og aðrir. En það hefði hugsanlega vakið einhverja jákvæðni í garð þessarar ríkisstjórnar ef hún hefði ákveðið að byrja að afnema skerðingar eitthvað,“ segir Þuríður. „Okkur fannst að það væri allavega hægt að koma til móts við okkur, en þau ákváðu að gera það ekki og ég hef engan skilning á því.“

### Réttindi fatlaðs fólks vanvirt

„Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur haustið 2016 eftir mikla vinnu en það þarf enn að lögfesta hann og við vonum að stjórnvöld geri það sem fyrst, því á meðan hann er ekki lögfestur hefur hann ekki gildi fyrir dómstólum,“ segir

> **Það er rosalega margt algjörlega óhemju vont í þessu kerfi sem við búum við í dag og margt sem þarf að bæta til að fatlað fólk njóti sömu réttinda og aðrir.**

Þuríður. „Við höfum tapað málum vegna þess að réttur okkar er ekki skýr í lögum, þótt hann eigi að vera það samkvæmt stjórnarskrá.

Manni finnst þetta alveg sjálfsagt mál í landi sem vill kenna sig við mannréttindi. Við vitum ekki hvers vegna það er svo erfitt að tryggja fötluðu fólki sjálfsögð réttindi, en við höfum gert því skóna að það séu fordómar í samfélaginu og það sé litið svo á að fatlað fólk hafi minni rétt og sé minna virði,“ segir Þuríður. „Við sjáum til dæmis hvernig viðhorf til fatlaðs fólks hafa birst í umræðunni um Klaustursmálið. Það er kannski ekki skrítið að við mætum tómlæti.

Stjórnmálamönnum finnst mikið mál að lögfesta samninginn. Lög hér á landi eru ekki fyllilega í samræmi við samninginn og það verður mikil vinna að uppfæra þau. Samningurinn tryggir fötluðu fólki að það geti notið réttinda sinna til jafns við aðra í samfélaginu, sem getur leitt til aukinna útgjalda,“ segir Þuríður. „En þá er ekki hugsað til lengri tíma né hugað að mannréttindum fatlaðs fólks. Stjórnvöld verða bara að átta sig á því að það fylgir því skylda að fullgilda svona samning og það þarf að lögfesta hann og hugsa í takt við hann.“

### Tregða og áhugaleysi

„Við mætum mikilli tregðu hjá stjórnvöldum og þetta er alltaf spurning um peninga. En alls staðar þar sem fátækt viðgengst verða til fleiri vandamál fyrir samfélagið,“ segir Þuríður. „Það er verið að dæma fatlað fólk til fátæktar og þegar fólk hefur ekki efni á að vera til búum við til samfélagslegt mein og jaðarsetjum bæði fatlað fólk og börn þess.

Þess vegna finnst mér lítil skynsemi í að draga ekki úr skerðingunni á lífeyri. Það var búið að lofa fjórum milljörðum króna sem hefðu getað farið beint inn í grunnlífeyrinn og hækkað hann um 22 þúsund krónur hjá hverjum og einum,“ segir Þuríður. „Framfærsluuppbótin, sem skerðir krónu fyrir krónu, hefði þá líka lækkað um 22 þúsund krónur og þannig hefðum við byrjað að minnka þessa skerðingu.

En þó þetta hefði verið gert hefði strípaður örorkulífeyrir ekki náð sömu upphæð og atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru fyrir fólk í tímabundnu hraki, en fólk þarf oft að lifa á lífeyri alla ævi,“ segir Þuríður. „Af hverju í ósköpunum er fólki refsað fyrir að verða veikt eða fatlað? Stærsti hluti fólks sem lendir á örorku er kominn yfir fimmtugt. Maður skilur ekki það viðhorf að ef fólk verður veikt eða slasast þá eigi það bara að lifa í fátækt. Það finnst mér mjög harkalegt.

Nú eru tvö ár síðan ellilífeyrisþegar, sem eru talsvert stærri hópur en öryrkjar, fengu sína krónu á móti krónu-skerðingu fellda niður í einu bretti og það var hægt að hækka atvinnuleysisbætur, en öryrkjar fá aldrei neinar hækkanir,“ segir Þuríður. „Stjórnvöld virðast bara ekki hafa neinn áhuga á þessu.“

### Búum til fleiri vandamál

„Það er hræðilegt að upplifa stöðugar fjárhagsáhyggjur og það verður enn erfiðara fyrir fólk sem glímir við geðrænan vanda og önnur alvarleg veikindi að ná bata þegar slíkar áhyggjur bætast við,“ segir Þuríður.

„Það fyrsta sem þarf að gera er að hækka örorkulífeyrinn þannig að hann sé ekki lægri en lægstu laun, því fatlað og langveikt fólk þarf að lifa eins og aðrir og ber oft aukinn kostnað vegna áskorana sinna.

Við eigum líka að vera miklu duglegri við að efla einstaklinginn, þannig að við náum að nýta mannauðinn sem býr í öryrkjum.

Þessi hópur getur skapað mikil verðmæti,“ segir Þuríður. „Stjórnvöld verða að hafa mannúðleg sjónarmið að leiðarljósi. Ef þau ætla að tala um velferð eiga þau að byrja á þeim hóp sem hefur það verst. Sem stendur erum við bara að búa til fleiri vandamál.“

# Jólasveinarnir 13 yfirtóku Instagram

**Borgarbókasafnið á nú í skemmtilegu samstarfi við íslensku jólasveinana sem hafa vistvæn jól í öndvegi og dýrmætar samverustundir fjölskyldunnar. Þar er líka hægt að pakka inn jólagjöfum í pappír úr afskrifuðum og litríkum bókum.**

Við lentum í því að jólasveinarnir þrettán yfirtóku Instagramið okkar sömu nótt og fyrsti jólasveinninn var á leið til byggða. Þar deila þeir nú hugmyndum að umhverfisvænum og persónulegum skógjöfum með öllum hinum jólasveinum landsins,“ segir Esther Ýr Þorvaldsdóttir, kynningarstjóri Borgarbókasafnsins í Grófinni.

Innrás jólasveinanna á Instagram.com/borgarbokasafn leysir ýmis vandamál.

„Hún lagar höfuðverk annarra jólasveina ef þeir verða uppiskroppa með hugmyndir og vantar að redda gjöf í einum grænum og í staðinn finnur barnið óvænta og persónulega sniðna skógjöf frá sveinka að morgni,“ upplýsir Esther.

Á heimasíðu safnsins, borgarbokasafn.is/i_skoinn er að finna samverukort á jpg- og pdf-formi sem hægt er að hlaða niður í tölvur og prenta út.



Sniðug hugmynd og skrautlegir jólapakkar Estherar. MYND/ANTON BRINK

„Samverukortin minnka aðeins umstangið fyrir jólin og á vistvænan og hlýlegan hátt. Með þeim mæla jólasveinarnir með að fjölskyldan sé saman og stingur upp á skemmtilegri samverustund sem fellur í kramið hjá hverju og einu barni. Það getur verið skautaferð, kvöldganga með vasaljós í myrkrinu, leit að vættum í miðborginni, að skoða jólaköttinn á Lækjartorgi eða heimsækja bókasafnið,“ útskýrir Esther en hugmyndir og uppástungur frá jólasveinunum má finna á vef Borgarbókasafnsins.



Esther Ýr Þorvaldsdóttir kynningarstjóri.

## Vistvænir jólapakkar

Ef gefin er samverustund á bókasafnið getur fjölskyldan mætt með óinnpakkaðar jólagjafir og pakkað þeim inn í umhverfisvænan pappír á sérstökum innpökkunarborðum sem búið er að koma upp með skapandi efniviði í bókasöfnunum í Grófinni og Kringlunni.

„Við gerum engar kröfur um að fólk taki bók að láni í leiðinni heldur viljum við að sem flestir komi, nýti sér aðstöðuna og gefi afskrifuðum bókum okkar aukalíf sem gjafapappír,“ segir Esther og af nógum efniviði er að taka því afskrifaðar bækur berast á þessi tvö söfn frá sex menningarhúsum.

„Við erum með pappír og hvaðeina til innpökkunar og fullt af hugmyndum til að gera pakkana hvað skrautlegasta, en þeir verða einstakt augnayndi þegar notuð eru tímarit og afskrifaðar barnabækur sem eru oftast nær litríkar og með fallegum myndum. Ebba Ýr Garðarsdóttir tók að sér að pakka inn gjöfum á skemmtilegan hátt og eru þær til sýnis og innblásturs um hvað hægt er að gera ef fólk er hugmyndasnautt. Við innpökkunarborðið eru bækurnar orðnar að dýrindis jólapappír eftir að hafa skemmst eða laskast og hægt að klippa út myndir og nota sem skreytingar á jólapakka, en að pakka inn gjöf handa börnum úr barnabókum er ávísun á einkar forvitnilegan og fallegan pakka,“ segir Esther og viðtökurnar hafa verið góðar.

„Sjálf ætla ég að pakka inn jólagjöf handa kærastanum hér á safninu, því ekki get ég pakkað henni inn heima án þess að sjáist til mín,“ segir Esther sem er búin að skera út hólf úr bók sem hugnast kærastanum illa og fela inni í því alvöru gjöfina.

„Æ fleiri vilja tileinka sér vistvænan lífsstíl og taka því fegins hendi að geta gefið gömlum bókum framhaldslíf. Það sparar líka kaup á jólapappír sem fer beint í ruslið. Krakkarnir una sér vel við liti og föndur á meðan fullorðna fólkið pakkar inn gjöfunum og hjálpa til við að skreyta pakkana á sinn listræna og skapandi hátt. Útkoman er því sérlega fallegir jólapakkar og skemmtilega jólaleg samverustund.“




Verið velkomin í stærri og glæsilega verslun Bláa Lónsins á Laugavegi 15

OPIÐ UM HELGINA:
Föstudagur 14. des kl. 10–22
Laugardagur 15. des kl. 10–22
Sunnudagur 16. des kl. 13–18

Við bjóðum viðskiptavinum okkar **20% afslátt** af öllum vörum yfir opnunarhelgina 14. – 16. desember.*

Við hlökkum til að sjá þig!

*Gildir aðeins í verslun okkar á Laugavegi og ekki með öðrum tilboðum.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

INTERPORT



Honda CR-V LIFESTYLE árgerð 2016 (01/16) 4WD, ekinn 67 þkm, sjsk, bensín, vel útbúinn bíll. Ásett kr. 3.790.000.- tilboðsverð kr. 2.990.000.-



Hyundai IX35 árgerð 2013 (03/2013) 4WD, ekinn 152 þkm, sjsk, bensín Ásett kr. 1.790.000.- tilboðsverð kr. 1.290.000.-

**Interport ehf**
**Sími: 822 1216**
**kb@interport.is**

### Bílar til sölu




### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**




### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is




### Varahlutir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

### Skemmtanir



# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

**TIL LEIGU ER IÐNAÐARHÚSNÆÐI VIÐ VAGNHÖFÐA, 110 REYKJAVÍK.**
Húsnæðið er alls 101,2 m2 (70 m2 grunnflötur með 30 m2 millilofti).
6 m. lofthæð og 4 m. háar innkeyrsludyr.
Laust um áramót.
**Áhugasamir sendið inn fyrirspurnir í tölvupósti á netfangið oddnysmag@gmail.com merkt Vagnhöfði.**

**LAUST STRAX !**
Til leigu 108m² atvinnuhúsnæði í gamla vesturbænum.
Opið vinnurými ásamt lokuðu fundarherbergi og 17m² geymslu.
**Nánari uppl: sigfus@bbs.is eða 8993066**

Til leigu 165 fm iðnaðarbil í Hafnarfirði við Steinhellu, langtímaleiga. Uppl í s:893-9777

Atvinnuhúsnæði eða heildsala 90 fm við Bildshöfða Rvk. Til leigu-langtímaleiga. Uppl. S:893-9777

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



SKER
Falleg plaköt og gjafavara
www.sker.is

Vírushreinsun og stýriskerfis-hreinsun
Fljót og góð þjónusta



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
Hafðu samband Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126 104 Rvk.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Jólatilboð



FÓTSNYRTING M/LAKKI AÐEINS 7.500.- KR.
Munið gjafabréfin okkar.
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Bílvogur eh/f
Bifreiðaverkstæði Auðbrekka 17 200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

LED leiðiskrossar



• Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.
Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

HÖFÐABÓN
BÓN OG ÞVOTTUR
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is